

Reglur vegna úthlutunar styrkja til menningarstarfsemi í Garðabæ

1. gr.

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar auglýsir tvisvar á ári eftir styrkjum til eflingar á menningarlífi í Garðabæ. Umsóknafrestur er annarsvegar til 15. janúar og hins vegar 15. ágúst. Miðað er við að fyrri úthlutun sé lokið fyrir 1. mars en seinni skuli lokið fyrir 1. október.

2. gr.

Markmiðið með menningarstyrkjum er að styðja við menningarstarfsemi í Garðabæ og styrkja einstaklinga og félagasamtök til lista- og menningarsköpunar.

3. gr.

Listamenn, félagasamtök, stofnanir eða menningarviðburðir verða að tengjast Garðabæ með einhverjum hætti. Einstaklingar með lögheimili í bænum geta sótt um til að framkvæma viðburði eða annarskonar sköpun sem fer fram í Garðabæ. Almennu eru ekki veittir styrkir til útgáfu, ferðalaga, náms eða rekstrar. Ekki eru veittir styrkir til félagasamtaka eða aðila sem eru með samstarfssamning við Garðabæ.

4. gr.

Umsóknum skal skilað með rafrænum hætti í gegnum vefsíðu Garðabæjar www.gardabaer.is.

Auk almennra upplýsinga þarf eftirfarandi að fylgja umsókn:

- Markmið, lýsing og tilefni umsóknar
- Styrkuppghæð
- Tíma- og verkáætlun
- Önnur fjármögnun
- Kostnaðaráætlun

5. gr.

Menningar- og safnanefnd metur umsóknir eftir markmiðum verkefna og hvernig þau nýtast til að efla fjölbreytt menningarlíf bæjarbúum og listamönnum í Garðabæ til góðs í samræmi við menningarstefnu bæjarins. Tekið er mið af raunhæfni verkefna, kostnaðaráætlun auk tíma- og verkáætlunar. Þá er fagleg hæfni aðstandenda metin og kallaðir til fagaðilar nefndinni til stuðnings þegar við á. Leitast er við að hafa ákveðna endurnýjun eða nýliðun styrkþega.

Tilkynna skal öllum umsækjendum skriflega um niðurstöðu nefndar og hvenær úthlutun fer fram sé styrkur veittur.

Styrkhöfum ber að skila greinargerð um ráðstöfun styrkfjár eigi síðar en ári eftir úthlutun. Hafi styrkhafi sótt um styrk að nýju án þess að hafa skilað inn slíkri greinargerð, vegna áður úthlutaðs styrks, áskilur nefndin sér að hafna umsókninni.

6. gr.

Þeir aðilar sem hljóta styrki frá Garðabæ skulu láta þess getið í kynningarefni sínu.

7. gr.

Bæjarstjórn Garðabæjar ákveður við gerð fjárhagsáætlunar árleg framlög til menningarstyrkja.

8. gr.

Gagnsæi og vönduð vinnubrögð skulu höfð að leiðarljósi við meðferð umsókna og úthlutun styrka. Þær umsóknir einar eru gildar sem berast innan umsóknarfrests. Menningar- og safnanefnd ber ábyrgð á meðferð og afgreiðslu styrkumsókna.

9. gr.

Nefndin áskilur sér rétt til að krefjast endurgreiðslu styrkja og rifta samningum komi ekki til verkefna sem styrkt voru eða ef um annan forsendubrest er um að ræða.

Reglur þessar taka gildi 1. júní 2024.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar
15. febrúar 2024.

Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.